



Hafnarstjórn Hafnarfjarðar
Óseyrarbraut 4
220 Hafnarfjörður,

Hafnarfirði 17. desember 2017

Málefni: Lóðarumsókn


Siglingaklúbburinn Þytur sækir hér með um lóðina Strandgata 86 til stækkunar á athafnasvæði sínu.

Ástæðan fyrir þessari umsókn er sú að núverandi aðstaða er orðin alltof lítil fyrir þá starfsemi sem fer fram hjá klúbbnum. Húsnæðið er orðið of lítið fyrir þann bátafloa sem siglingaklúbburinn á, geymsla á kænnum, búnaði þeirra ásamt gæslubátum okkar fylla húsið svo ekki er hægt að stunda almennt viðhald á bátum yfir veturinn. Síðastliðinn vetur var hluti af kænunum geymdur úti en það verður ekki endurtekið vegna skemmda á bátunum vegna veðurs, og er því húsið yfirfullt yfir veturinn. Geymsla Kjölbáta við klúbbhúsið hefur einnig aukist undanfarin ár og er nú orðið svo að vísa þarf frá bátum.

Fyrirhugað er að stækka núverandi húsnæði til austurs og byggja upphitað bátaskýli fyrir minni báta við austurenda lóðarinnar.



Hugmynd að stækkun.



Stækkun á viðhalds og geymslu húsnæði til að verja 3 öryggisbáta og 2 kjölbáta félagssins við frostskegndum ásamt öðru búnaði.



Lágrest geymslu skýli fyrir kænur.

f.h. stjórnar Þyts
Gunnar Freyr Gunnarsson

Siglingaklúbburinn Þytur 42 ára 19. apríl 2017